

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/2392****2021/EES/55/18**

frá 17. desember 2015

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 596/2014 að því er varðar tilkynningar til lögbærra yfirvalda um raunveruleg eða möguleg brot á þeirri reglugerð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðilar sem tilkynna raunveruleg eða möguleg brot á reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (uppljóstrarar) til lögbærra yfirvalda geta komið nýjum upplýsingum á framfæri við lögbær yfirvöld og aðstoðað þau við að greina og beita viðurlögum vegna brota sem varða markaðssvik. Ótti við hefndarráðstafanir, mismunun eða birtingu persónuupplýsinga kann hins vegar að fæla uppljóstrara frá því að koma upp um brot. Fullnægjandi fyrirkomulag að því er varðar uppljóstranir er því nauðsynlegt til að tryggja almenna vernd fyrir uppljóstrara og sakborninga og til að grundvallarréttindi þeirra séu virt. Aðilar sem vitandi vits greina lögbærum yfirvöldum frá röngum eða villandi upplýsingum ættu ekki að teljast uppljóstrarar og því ekki njóta verndar.
- 2) Lögbær yfirvöld ættu að leyfa tilkynningar undir nafnleynd og verndarfyrirkomulag þessarar tilskipunar ætti einnig að gilda ef uppljóstrari undir nafnleynd ákveður að segja á sér deili gagnvart lögbæru yfirvaldi á seinna stigi. Uppljóstrarar ættu að geta valið hvort þeir tilkynna í gegnum innra ferli, ef slíkt ferli er fyrir hendi, eða beint til lögbærs yfirvalds.
- 3) Nauðsynlegt er að lögbær yfirvöld hafi sérlegt starfsfólk sem hefur fengið faglega starfsþjálfun, þ.m.t. hvað varðar viðeigandi reglur um gagnavernd, til að afgreiða tilkynningar um brot á reglugerð (ESB) nr. 596/2014 og til að tryggja samskipti við tilkynningaraðilann, sem og eftirfylgni tilkynningarinnar með viðeigandi hætti.
- 4) Aðilar sem hafa í hyggju að tilkynna raunveruleg eða möguleg brot á reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ættu að geta tekið upplýsta ákvörðun um hvort, hvernig og hvenær þeir tilkynna það. Lögbær yfirvöld ættu því að birta opinberlega og gera aðgang greiðan að upplýsingum um tiltækar samskiptaleiðir við lögbær yfirvöld, um viðeigandi verkferla og um hið sérlega starfsfólk hjá yfirvaldinu sem fjallar um tilkynningar um brot. Allar upplýsingar varðandi tilkynningar um brot ættu að vera gagnsæjar, auðskiljanlegar og áreiðanlegar til að hvetja til en ekki fæla frá því að tilkynnt sé um brot.
- 5) Til að gera fólki kleift að eiga í virkum samskiptum við sérlegt starfsfólk sitt er nauðsynlegt að lögbær yfirvöld komi á og noti mismunandi samskiptaleiðir sem ættu að vera notendavænar og gera ráð fyrir skriflegum og munnlegum, sem og rafrænum og órafrænum, samskiptum.
- 6) Mikilvægt er að verkferlar til verndar aðilum sem starfa samkvæmt ráðningarsamningi, án tillits til eðlis vinnutengsla þeirra og hvort þeir eru launaðir eða ekki, sem tilkynna um brot eða eru sakaðir um brot á reglugerð (ESB) nr. 596/2014, verndi þessa aðila gegn hefndarráðstöfunum, mismunun eða annarri ósanngjarnri meðferð, hvort sem hún er bein eða óbein. Ósanngjörn meðferð getur verið mjög margvísleg og fer það eftir aðstæðum. Einstök mál þarf því að meta í krafti reglna um lausn deilumála eða málsmeðferðar dómskerfisins sem aðgengileg er í landslögum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 332, 18.12.2015, bls. 126. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1.

- 7) Aðildarríki ættu að sjá til þess að lögbær yfirvöld komi á verkferlum fyrir fullnægjandi vernd fyrir vinnslu á tilkynningum um brot og persónuupplýsingar um aðila sem veita upplýsingar. Slíkir ferlar ættu að tryggja trúnað um deili allra aðila sem veita upplýsingar og aðila sem tilkynnt er um, á öllum stigum málsmeðferðarinnar. Þessi skylda ætti ekki að hafa áhrif á nauðsyn og meðalhóf þeirrar skyldu að leggja fram upplýsingar þegar löggjöf Sambandsins eða innlend löggjöf krefst þess og vera með fyrirvara um viðeigandi verndarráðstafanir samkvæmt slíkum lögum, þ.m.t. í tengslum við rannsókn eða dómsmeðferð eða til að vernda frelsi annarra, þ.m.t. rétt aðilans sem tilkynnt er um til varnar.
- 8) Það er mjög mikilvægt og nauðsynlegt að sérlegt starfsfólk hjá lögbæru yfirvaldi og starfsfólk hjá lögbæru yfirvaldi sem fær aðgang að upplýsingunum sem tilkynningaradilinn lætur lögbæru yfirvaldi í té, virði þagnarskyldu og skyldu um trúnað þegar það sendir gögnin, bæði innan og utan hins lögbæra yfirvalds, þ.m.t. ef lögbært yfirvald hefur rannsókn eða fyrirspurn eða starfsemi til framfylgdar síðar, í tengslum við tilkynningar um brot.
- 9) Aðildarríki ættu að tryggja fullnægjandi skráningu allra tilkynninga um brot og að sérhver tilkynning sé aðgengileg hjá lögbæru yfirvaldi og að hægt sé að nota upplýsingar úr mótteknum tilkynningum sem sönnunargögn við framfylgd eftir því sem við á. Aðildarríki ættu að tryggja að farið sé að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB⁽¹⁾ og landslöggjöf sem leiðir tilskipun 95/46/EB í lög.
- 10) Vernd persónuupplýsinga aðilans sem veitir upplýsingar og aðilans sem tilkynnt er um er afar mikilvæg til að komast hjá ósanngjarnri meðferð eða orðsporstjóni vegna birtingar persónuupplýsinga, einkum gagna sem afhjúpa deili á viðkomandi aðila. Því ættu lögbær yfirvöld, í viðbót við landsbundna löggjöf um gagnavernd sem leiðir tilskipun 95/46/EB í lög, að koma á fullnægjandi verklagsreglum um gagnavernd sem miða sérstaklega að vernd aðilans sem veitir upplýsingar og aðilans sem tilkynnt er um, sem ættu að innihalda öruggt kerfi innan hins lögbæra yfirvalds með takmörkuð aðgangsréttindi aðeins fyrir starfsfólk með aðgangsheimildir.
- 11) Sending lögbærs yfirvalds á persónuupplýsingum í tengslum við tilkynningar um brot gæti verið nauðsynleg til að meta tilkynningu um brot og til að takast á hendur nauðsynlega rannsókn og aðgerðir hvað varðar framfylgd. Þegar gögn eru send innan lögbærs yfirvalds eða til þriðja aðila ættu lögbær yfirvöld að viðhalda trúnaði svo sem mögulegt er í samræmi við landslög.
- 12) Réttur aðila sem tilkynnt er um, sem sakaður er um brot á reglugerð (ESB) nr. 596/2014, ætti að njóta verndar til að koma í veg fyrir orðsporstjón eða aðrar neikvæðar afleiðingar. Enn fremur ætti að virða að fullu rétt aðila sem tilkynnt er um til varnar og aðgangs að úrræðum á öllum stigum málsmeðferðar í kjölfar tilkynningarinnar. Aðildarríki ættu að tryggja rétt aðilans sem tilkynnt er um til varnar, þ.m.t. réttinn til aðgangs að málskjöllum, réttinn til að flytja mál sitt og réttinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns vegna ákvörðunar sem varðar aðilann sem tilkynnt er um samkvæmt viðeigandi verklagsreglum sem settar eru fram í landslögum í tengslum við rannsóknir eða dómsmeðferð í kjölfar þeirra.
- 13) Regluleg endurskoðun verklagsreglna hins lögbæra yfirvalds, sem framkvæma skal a.m.k. annað hvert ár, ætti að tryggja að þessar verklagsreglur séu fullnægjandi og samkvæmt nýjustu þekkingu og þjóni því tilgangi sínum. Í þessu skyni er mikilvægt að lögbær yfirvöld meti eigin reynslu og skiptist á upplýsingum um reynslu og góðar starfsvenjur við önnur lögbær yfirvöld.
- 14) Að því gefnu að ítarlegar reglur um vernd uppljóstrara myndu gera aðildarríkjum erfiðara fyrir að tryggja samrýmanleika og rekstrarlega samþættingu við landsbundin kerfi þeirra, þ.m.t. þætti sem snúa að stjórnsýslu, verklagi og stofnunum, er þörf á vissum sveigjanleika í framkvæmdargerðinni. Slíkum sveigjanleika verður betur náð með tilskipun en reglugerð og því virðist tilskipun vera sá gerningur sem best á við til að gera aðildarríkjum kleift að laga reglur um tilkynningar brota að landsbundnum kerfum sínum með skilvirkum hætti, þ.m.t. að stofnanarammanum.
- 15) Í ljósi þess að reglugerð (ESB) nr. 596/2014 tekur gildi 3. júlí 2016 þykir rétt að aðildarríkin leiði í lög og komi til framkvæmda ákvæðum sem varða þessa tilskipun frá og með 3. júlí 2016.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

⁽¹⁾ Stjttð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í tilskipun þessari er mælt fyrir um reglur sem tilgreina það verklag sem sett er fram í 1. mgr. 32. gr. tilskipunar (ESB) nr. 596/2014, þ.m.t. fyrirkomulag tilkynninga og eftirfylgni þeirra, ráðstafanir til verndar aðilum sem starfa samkvæmt ráðningarsamningi og ráðstafanir til verndar persónuupplýsingum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „tilkynningaraðili“: aðili sem tilkynnir lögbæru yfirvaldi um raunverulegt eða mögulegt brot á reglugerð (ESB) nr. 596/2014,
- 2) „aðili sem tilkynnt er um“: aðili sem tilkynningaraðili sakar um að hafa framið, eða ætla að fremja, brot á reglugerð (ESB) nr. 596/2014,
- 3) „tilkynning um brot“: tilkynning sem tilkynningaraðili leggur fram hjá lögbæru yfirvaldi um raunverulegt eða mögulegt brot á reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

II. KAFLI

FERLI TIL MÓTTÖKU TILKYNNINGA UM BROT OG EFTIRFYLGNI ÞEIRRA

3. gr.

Sérlegt starfsfólk

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi á að skipa starfsfólki sem annast sérstaklega meðferð tilkynninga um brot („sérlegt starfsfólk“). Sérlegt starfsfólk skal þjálfað í þeim tilgangi að afgreiða tilkynningar um brot.
2. Sérlegt starfsfólk hefur eftirfarandi með höndum:
 - a) að veita hagsmunaaðilum upplýsingar um ferli tilkynninga um brot,
 - b) að taka við og fylgja eftir tilkynningum um brot,
 - c) að halda sambandi við tilkynningaraðila hafi hann sagt deili á sér.

4. gr.

Upplýsingar um móttöku tilkynninga um brot og eftirfylgni þeirra

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld birti á aðgreindum, auðgreinanlegum og aðgengilegum hluta vefsetra sinna þær upplýsingar um móttöku tilkynninga um brot sem tilgreindar eru í 2. mgr.

2. Þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. skulu innihalda allt eftirfarandi:
 - a) samskiptaleiðir til móttöku og eftirfylgni tilkynninga um brot og til að hafa samband við sérlegt starfsfólk í samræmi við 1. mgr. 6. gr., þ.m.t.:
 - 1) símanúmer og hvort samtöl eru tekin upp þegar viðkomandi símalínur eru notaðar,
 - 2) sérstök tölvupóstföng og heimilisföng, sem eru örugg og tryggja trúnað, til að hafa samband við sérlegt starfsfólk,
 - b) ferli sem gilda um tilkynningar um brot sem um getur í 5. gr.,
 - c) trúnaðarreglur sem gilda um tilkynningar um brot í samræmi við þær verklagsreglur sem gilda um tilkynningar um brot og um getur í 5. gr.,
 - d) verklagsreglur um vernd aðila sem starfa samkvæmt ráðningarsamningi,
 - e) yfirlýsingu sem útskýrir með skýrum hætti að aðilar sem gera upplýsingar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 596/2014 teljist ekki brjóta gegn hömlum á birtingu upplýsinga sem mælt er fyrir um í samningi eða laga- eða stjórnvísuákvæðum og sæti ekki ábyrgð af neinu tagi í tengslum við slíka tilkynningu.
3. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að birta á vefsetrum sínum ítarlegri upplýsingar um móttöku tilkynninga um brot og eftirfylgni með þeim sbr. 2. mgr.

5. gr.

Verklagsreglur sem gilda um tilkynningar um brot

1. Verklagsreglur sem gilda um tilkynningar um brot og um getur í b-lið 2. mgr. 4. gr. skulu tilgreina allar eftirfarandi upplýsingar með skýrum hætti:
 - a) að tilkynningar um brot megi einnig leggja fram nafnlaust,
 - b) með hvaða hætti lögbæra yfirvaldinu er heimilt að fara fram á að tilkynningaraðilinn útskýri tilkynntar upplýsingar eða veiti viðbótarupplýsingar sem eru aðgengilegar tilkynningaraðilanum,
 - c) tegund, efni og tímaramma endurgjafar um málalok vegna tilkynningar um brot sem tilkynningaraðilinn getur gert ráð fyrir eftir tilkynninguna,
 - d) trúnaðarreglur sem gilda um tilkynningar um brot, þ.m.t. með ítarlegri lýsingu á aðstæðum þar sem heimilt er að birta trúnaðargögn tilkynningaraðila í samræmi við 27., 28. og 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014.
2. Sú ítarlega lýsing sem um getur í d-lið 1. mgr. skal tryggja að tilkynningaraðila sé kunnugt um þau undantekningartilvik þar sem ekki er unnt að tryggja trúnað um gögn, þ.m.t. ef miðlun gagna er nauðsynleg og skylda sem samrýmist meðalhófi samkvæmt löggjöf Sambandsins eða innlendri löggjöf í tengslum við rannsóknir eða dómsmál í kjölfar þeirra eða til að tryggja frelsi annarra, þ.m.t. rétt aðilans sem tilkynnt er um til varnar, og hverju sinni með fyrirvara um viðeigandi verndarráðstafanir samkvæmt slíkum lögum.

6. gr.

Sérlegar samskiptaleiðir

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld komi á óháðum og sjálfstæðum samskiptaleiðum, sem eru bæði öruggar og tryggja trúnað, til að taka við og fylgja eftir tilkynningum um brot („sérlegar samskiptaleiðir“).

2. Sérlegar samskiptaleiðir skulu teljast óháðar og sjálfstæðar að því tilskildu að þær uppfylli öll eftirfarandi viðmið:
 - a) þær séu aðskildar frá almennum samskiptaleiðum lögbæra yfirvaldsins, þ.m.t. þeim sem það notar til innri samskipta og samskipta við þriðju aðila í venjulegri starfsemi sinni,
 - b) þær séu til þess gerðar, þeim sé komið á fót og þær starfræktar á hátt sem tryggir heildstæðni, heilleika og trúnað upplýsinganna og kemur í veg fyrir aðgang þess starfsfólks lögbæra yfirvaldsins sem hefur ekki til þess tilskildar heimildir,
 - c) þær geri kleift að geyma varanlegar upplýsingar í samræmi við 7. gr. til frekari rannsókna.
3. Hinar sérlegu samskiptaleiðir skulu gera kleift að tilkynna um raunveruleg eða möguleg brot, með a.m.k. eftirfarandi hætti:
 - a) skriflegri tilkynningu um brot, á rafrænu formi eða pappírformi,
 - b) munnlegri tilkynningu um brot símleiðis, hvort sem símtalið er tekið upp eða ekki,
 - c) staðfundum með sérlegu starfsfólki lögbæra yfirvaldsins.
4. Lögbæra yfirvaldið skal veita tilkynningaraðilanum þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 4. gr. áður en það tekur við tilkynningunni um brot, eða í síðasta lagi þegar það tekur við henni.
5. Lögbær yfirvöld skulu tryggja að tilkynning um brot sem tekið er við eftir öðrum leiðum en þeim sérlegu samskiptaleiðum sem um getur í þessari grein sé tafarlaust framsend án breytinga til sérlegs starfsfólks lögbæra yfirvaldsins gegnum hinar sérlegu samskiptaleiðir.

7. gr.

Skráning móttækinnu tilkynninga

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld haldi skrár um allar móttæknar tilkynningar um brot.
2. Lögbær yfirvöld skulu þegar í stað staðfesta móttöku skriflegra tilkynninga um brot sem berast á heimilisfang eða tölvupóstfang sem tilkynningaraðili tilgreinir nema hann hafi sérstaklega tekið annað fram eða lögbæra yfirvaldið hafi gilda ástæðu til að ætla að staðfesting á móttöku skriflegrar tilkynningar myndi tefla í tvísýnu trúnaði um deili á tilkynningaraðilanum.
3. Sé símalína sem upptaka er gerð af notuð til að tilkynna um brot skal lögbæra yfirvaldinu heimilt að skrásetja hina munnlegu tilkynningu í formi:
 - a) hljóðupptöku samtalsins á varanlegu og endurheimtanlegu formi eða
 - b) nákvæmrar umritunar alls samtalsins, sem hið sérlega starfsfólk lögbæra yfirvaldsins annast. Í tilvikum þar sem tilkynningaraðili hefur sagt deili á sér skal lögbæra yfirvaldið bjóða honum þann kost að fara yfir, leiðrétta og samþykkja umritun símtalsins með undirskrift sinni.
4. Sé símalína sem ekki er gerð upptaka af notuð til að tilkynna brot skal lögbæra yfirvaldinu heimilt að skrásetja hina munnlegu tilkynningu í formi nákvæmrar skýrslu um samtalið, sem hið sérlega starfsfólk þess annast. Í tilvikum þar sem tilkynningaraðili hefur sagt deili á sér skal lögbæra yfirvaldið bjóða honum þann kost að fara yfir, leiðrétta og samþykkja skýrsluna um símtalið með undirskrift sinni.
5. Fari aðili fram á staðfund með hinu sérlega starfsfólki lögbærs yfirvalds til að tilkynna um brot skv. c-lið 3. mgr. 6. gr. skal lögbæra yfirvaldið tryggja að fullgerðar og réttar skrár um fundinn séu geymdar á varanlegu og endurheimtanlegu formi. Lögbæru yfirvaldi skal heimilt að skrásetja staðfundinn í formi:
 - a) hljóðupptöku samtalsins á varanlegu og endurheimtanlegu formi eða
 - b) nákvæmrar fundargerðar sem hið sérlega starfsfólk lögbæra yfirvaldsins annast. Í tilvikum þar sem tilkynningaraðili hefur sagt deili á sér skal lögbæra yfirvaldið bjóða honum þann kost að fara yfir, leiðrétta og samþykkja fundargerðina með undirskrift sinni.

*8. gr.***Vernd aðila sem starfa samkvæmt ráðningarsamningi**

1. Aðildarríki skulu setja verklagsreglur til að tryggja skilvirk upplýsingaskipti og samstarf milli lögbærra yfirvalda og allra annarra viðeigandi yfirvalda sem koma að vernd aðila sem starfa samkvæmt ráðningarsamningi og tilkynna brot á reglugerð (ESB) nr. 596/2014 til lögbærs yfirvalds, eða eru sakaðir um slík brot, gegn hefndarráðstöfunum, mismunun eða annarri ósanngjarnri meðferð vegna eða í tengslum við tilkynningar um brot á reglugerð (ESB) nr. 596/2014.
2. Verklagsreglurnar sem um getur í 1. mgr. skulu a.m.k. tryggja eftirfarandi:
 - a) að tilkynningaraðilar hafi aðgang að ítarlegum upplýsingum og ráðgjöf um tiltæk úrræði og ferli samkvæmt landslögum til verndar gegn ósanngjarnri meðferð, þ.m.t. um ferli við gerð krafna um fébætur,
 - b) að tilkynningaraðilar hafi aðgang að skilvirkri aðstoð lögbærra yfirvalda á undan öðrum viðkomandi yfirvöldum sem koma að vernd þeirra gegn ósanngjarnri meðferð, þ.m.t. með staðfestingu á því að tilkynningaraðilinn hafi stöðu uppljóstrara í vinnudeilum.

*9. gr.***Verklagsreglur um vernd persónuupplýsinga**

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld geymi þær skrár sem um getur í 7. gr. í tryggu kerfi þar sem trúnaðar er gætt.
2. Aðgangur að kerfinu sem um getur í 1. mgr. skal vera takmarkaður til að tryggja að gögn sem geymd eru í því séu aðeins aðgengileg starfsmönnum lögbærs yfirvalds sem þurfa nauðsynlega að hafa aðgang að gögnunum svo þeir geti rækt starfsskyldur sínar.

*10. gr.***Sending gagna innan og utan lögbærs yfirvalds**

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi fullnægjandi verklagsreglur um sendingu persónuupplýsinga tilkynningaraðila, og aðila sem tilkynnt er um, innan og utan hins lögbæra yfirvalds.
2. Aðildarríki skulu tryggja að sending gagna sem tengjast tilkynningu um brot innan eða utan lögbærs yfirvalds ljóstri ekki, beint eða óbeint, upp um deili á tilkynningaraðila eða aðila sem tilkynnt er um né vísi til annarra aðstæðna sem af má ráða deili á tilkynningaraðila eða aðila sem tilkynnt er um, nema slík sending sé í samræmi við þær trúnaðarreglur sem um getur í d-lið 1. mgr. 5. gr.

*11. gr.***Verklagsreglur um vernd aðila sem tilkynnt er um**

1. Séu deili á aðila sem tilkynnt er um ekki kunn almenningi skal hlutaðeigandi aðildarríki tryggja að deili á honum njóti verndar a.m.k. á sama hátt og deili á aðilum sem sæta rannsókn lögbærs yfirvalds.
2. Þær verklagsreglur sem settar eru fram í 9. gr. gilda einnig um trúnað um deili á aðilum sem tilkynnt er um.

*12. gr.***Endurskoðun lögbærra yfirvalda á verklagsreglum**

Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld sín endurskoði reglulega verklagsreglur sínar um móttöku tilkynninga um brot og eftirfylgni þeirra, a.m.k. annað hvert ár. Við endurskoðun slíkra verklagsreglna skulu lögbær yfirvöld hafa hliðsjón af eigin reynslu og reynslu annarra lögbærra yfirvalda og aðlaga verklagsreglur sínar því til samræmis og í samræmi við markaðs- og tæknipróun.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI*13. gr.***Lögleiðing**

Aðildarríki skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 3. júlí 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 3. júlí 2016.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*14. gr.***Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*15. gr.***Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
